

NASDAQ OMX Iceland – Yfirlit fyrir maí 2012

Hlutabréfaviðskipti – Heildarviðskipti með hlutabréf í maímánuði námu 4.687 milljónum eða 234 milljónum á dag. Þessu til samanburðar nam veltan með hlutabréf í apríl 3.675 milljónum eða 216 á dag. Mest voru viðskipti með bréf Haga (HAGA) 1.767 milljónir, með bréf Marel (MARL) 1.581 milljónir, og með bréf Icelandair Group (ICEAIR) 958 milljónir.

Hlutabréfavisitölur – Úrvalsvísitalan (OMXI6) lækkaði um 1,5% milli mánaða og stendur nú í 1068 stigum.

Hlutdeild kauphallaraðila á hlutabréfamarkaði – Á Aðalmarkaði Kauphallarinnar var Íslandsbanki með mestu hlutdeildina 26,8% (16,2% á árinu), MP banki með 24,4% (11,5% á árinu), og Landsbankinn með 22,3% (46,6% á árinu).

Skuldabréfavelta – Heildarviðskipti með skuldabréf námu 221 milljörðum í síðasta mánuði sem samsvarar til 11,1 milljarða veltu á dag samanborið við 5,5 milljarða veltu á dag í aprílmánuði.

Mest voru viðskipti með *RIKB 25 0612*, 24,8 milljarðar, *RIKB 19 0226*, 24,0 milljarðar, og *RIKB 13 0517*, 21,4 milljarðar. Alls námu viðskipti með ríkisbréf 159 milljörðum en viðskipti með íbúðarbréf námu 58 milljörðum.

Skuldabréfavisitölur – Ávöxtunarkrafa þriggja mánaða óverðtryggðu vísitölnnar (OMXI3MNI) er nú 3,74% (-8 punktar), ávöxtunarkrafa eins árs óverðtryggðu vísitölnnar (OMXI1YNI) 4,14% (-42 punktar), fimm ára óverðtryggðu vísitölnnar (OMXI5YNI) 6,38% (-28 punktar) og 10 ára óverðtryggðu vísitölnnar (OMXI10YNI) 7,06% (-27 punktar). Ávöxtunarkrafa 5 ára verðtryggðu vísitölnnar (OMXI5YI) stendur nú í 1,84% (+47 punktar) og 10 ára verðtryggðu vísitölnnar (OMXI10YI) í 2,46% (+28 punktar).

Hlutdeild kauphallaraðila á skuldabréfamarkaði – Í maímánuði var Landsbankinn með mestu hlutdeildina 28,8% (22,2% á árinu), MP Banki með 19,5% (22,9% á árinu) og Íslandsbanki með 17,5% (20,5% á árinu).

Heildarveltan fyrir maímánuð er 226 milljarðar (samanborið við 94 milljarða í apríl).